



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfraði

2. árg. 4. tölublað. Apríl 2008.

EFNI:

Biðlistar vegna skurðaðgerða á sjúkrahúsum **bls. 1**

Breytt framsetning flokkunarkerfa mun auðvelda skráningu **bls. 2**

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.
Anna Björg Aradóttir
Matthías Halldórsson
Svanhildur Þorsteinsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

BIÐLISTAR VEGNA SKURÐAÐGERÐA Á SJÚKRAHÚSUM

Nýlega voru birtar á vef Landlæknisembættisins upplýsingar um [biðlista eftir völdum aðgerðum á sjúkrahúsum](#) í júní og október 2007 og febrúar 2008. Þær sýna að biðlistar eftir aðgerðum eru almennt ekki langir héraendis en þó er biðtími eftir nokkrum tegundum aðgerða lengri en þrjú mánuðir, svo sem eftir liðskiptaaðgerðum á hnjám og mjöðmum, aðgerðum á augasteini vegna skýs og eftir hjartaþræðingum.




Landlæknisembættið stendur fyrir reglulegri innköllun og úrvinnslu biðlistaupplýsinga þrisvar sinnum á ári. Innköllun og birting biðlistaupplýsinga er á stöðluðu formi og byggir á upplýsingum um fjölda einstaklinga sem bíða eftir að komast í valdar aðgerðir á Landspítala, Heilbrigðisstofnuninni Akranesi, Sjúkrahúsinu á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í Reykjanesbæ.

Þegar sjúklingar hafa beðið lengur en þrjú mánuði eftir aðgerð er talað um biðlista, en sé biðin styttri er talað um vinnulista enda þykir slík bið eðlileg með tilliti til skipulags sjúkrahúspjónustu. Reynslan hefur einnig sýnt að biðlistar geta verið mismunandi eftir árstímum, t.d. vegna sumarleyfa starfsmanna.

Biðlistaupplýsingar eru gagnlegar fyrir stjórnendur heilbrigðisstofnana sem og fyrir almenning. Þær nýtast ekki síður yfirvöldum heilbrigðismála þar sem biðlistar eru almennt taldir vera einn af mælikvörðum gæða og skilvirkni í heilbrigðisþjónustu og nýtast við að bæta skipulag þjónustunnar.

Tegundir aðgerða

Á mynd 1 má sjá að biðlisti eftir liðskiptaaðgerðum á hnjám og mjöðmum er að lengjast umtalsvert. Sama má segja um



biðlista eftir aðgerðum á augasteinum vegna skýs á auga (mynd 2). Eftirspurn eftir augasteinsaðgerðum hefur aukist og ekki hefur tekist að anna henni. Til dæmis bíðu 1290 einstaklingar eftir slíkri aðgerð í febrúar og þar af höfðu 992 einstaklingar beðið lengur en þrjú mánuði.

Fjöldi þeirra sem beðið höfðu meira en þrjú mánuði eftir hjartaþræðingu var meiri í febrúar síðastliðnum en í júní og október

(Framhald bls. 2)

Bið eftir háls-, nef- og eyrnaaðgerðum svo og brjóstaminnkunar- aðgerðum hefur styst til muna.

Hlutverk flokkunarkerfa í rafrænum sjúkraskrárum er að samræma skráningu, auka gæði hennar og notagildi skráðra gagna.

2007. Ástæða þessarar aukningar er meðal annars sú að fækka þurfti aðgerðum í ársbyrjun 2008 vegna sýkingar sem upp kom á Landspítala.

Bið eftir háls-, nef- og eyrnaaðgerðum hefur hins vegar styst til muna og sama má segja um brjóstaminnkunar- aðgerðir. Mestu munar um aukinn fjölda háls-, nef- og eyrnaaðgerða á Landspítala og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (mynd 3, bls. 1).

Þess ber einnig að geta að samkvæmt biðlistaupplýsingum virðast sjúkrahúsin anna að fullu eftirspurn eftir sumum tegundum aðgerða, svo sem aðgerðum vegna blöðru-

hálskirtils og æðahnúta og þar myndast því engir biðlistar.

Eins og fram hefur komið í fréttum hefur heilbrigðisráðuneytið boðið út aðgerðir á augasteini til þess að stytta núverandi biðlista og bæta þjónustu við landsmenn. Þá mun einnig vera á döfinni að gera samning við Sjúkrahúsið á Akureyri um að gera liðskiptaaðgerðir í meira mæli. Áhrif þessara útboða munu væntanlega koma fram þegar biðlistaupplýsingar verða birtar næst í júní 2008. Slík útboð eru einmitt dæmi um það hvernig heilbrigðisyfirvöld geta nýtt sér biðlistaupplýsingar til úrbóta í heilbrigðiskerfinu.

Ágústa Benný Herbetsdóttir

BREYTT FRAMSETNING FLOKKUNARKERFA MUN AUÐVELDA SKRÁNINGU

Til að styðja samræmda rafræna skráningu í heilbrigðisþjónustu hefur Landlæknisembættið mælt fyrir um notkun tiltekinnna flokkunarkerfa til skráningar, m.a. á aðgerðum, sjúkdómsgreiningum og lyfjum. Á vef embættisins er nú hægt að nálgast sex [flokkunarkerfi](#) í þessum tilgangi. Til að gefa yfirsýn yfir umfangið innihalda þau flokkunarkerfi sem nú eru á vef embættisins rúmlega 34,000 skráð heiti. Til samanburðar eru uppflettiorð *Orðabókar Menningarsjóðs* 85,000 talsins. Á næsta ári mun bætast við flokkunarkerfi með rúmlega tíu þúsund hugtökum um heilsutengda færni og færniskerðingu, *International Classification of Functioning, Disability and Health* (ICF).

Áður fyrr var vísað á erlendar útgáfur flokkunarkerfa en nú í seinni tíð hafa mörg flokkunarkerfin verið þýdd og gerð aðgengileg á rafrænu formi á vef embættisins. Embættið hefur reyndar einnig staðið að útgáfu bóka, m.a. vegna skráningar í hjúkrun, og átt gott samstarf við fagfélög heilbrigðisstétta um þýðingar og útgáfu flokkunarkerfa.

Ný vefbirting

Til þessa hefur birtingarform flokkunarkerfanna á vefnum ekki verið tæmandi. Þar hefur t.d. vantað skýringartexta, milli-vísanir og frávísanir eins og við á hverju sinni. Af þessum sökum hafa vefskrárnar ekki getað komið að fullu í stað bóka. Úr

því verður bætt með vefbirtingu flokkunarkerfa á vef Landlæknisembættisins á þessu ári. Í fyrra var NCSP-flokkunarkerfið gefið út rafrænt með heitum bæði á ensku og íslensku og öllum skýringum á ensku. Það er nú væntanlegt með íslenskum skýringartextum einnig. Önnur flokkunarkerfi munu fylgja á eftir með sama hætti. Mælt er fyrir um birtingarform flokkunarkerfa í

Dæmi um skráningu aðgerðar á brjóstvegg.

Tekið úr [NCSP 1.12](#), NOMESCO Classification of Surgical Procedures, 2008.

GAE *Incision, biopsy, resection and repair of chest wall*
Includes: For injury, foreign body or lesion
Additional code for specification of grafts and flaps, see: ZZ
For malformation, see: GAF
For breast cancer, see: HAC, HAF

Undir GAE (*Aðgerðir á brjóstvegg*) er vísað á aðra kóða eftir því sem við á, sbr. dæmin hér á eftir:

GAF *Plastic repair of malformations of chest wall*
Additional code for specification of grafts and flaps, see: ZZ
GAF 00 Correction of pectus carinatum
Includes: Use of prosthetic material
GAF 03 Correction of pectus excavatum
Includes: Use of prosthetic material
GAF 10 Removal of prosthetic material after correction of malformation of chest wall
GAF 96 Other correction of malformation of chest wall

HAC *Mastectomy*
HAC 10 Subcutaneous mastectomy with preservation of mamilla
HAC 15 Subcutaneous mastectomy with excision of mamilla
HAC 20 Total mastectomy

*Vakin er athygli á
póstlista á vef
embættisins til að
gerast áskrifandi að
tilkynningum um
uppfærslur og
breytingar á
flokkunarkerfum.*

nýjustu útgáfu tilmæla um lágmarksskráningu í heilsugæslu og hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum.

Um birtingu flokkunarkerfa á vefnum er m. a. horft til Noregs sem fyrirmyndar um framsetningu (sjá <http://finnkode.kith.no/>) en þó með birtingu bæði á íslensku og ensku. Útgáfur flokkunarkerfa á gagnagrunnsformi geta nýst beint inn í sjúkraskrárhugbúnað en einnig kemur til greina að bjóða upp á öfluga veftengingu við leitarvél á vef embættisins. Hvor leiðin sem er mun auðvelda alla rafræna skráningu til mikilla muna.

Hlutverk flokkunarkerfa í rafrænum sjúkraskrárm er að samræma skráningu, auka

gæði hennar og notagildi skráðra gagna. Þau gögn sem þannig eru skráð eiga svo að geta nýst með beinum hætti við skil á þeim gögnum sem Landlæknisembættið kallar eftir um starfsemina.

Vakin er athygli á póstlista á vef embættisins til að gerast áskrifandi að tilkynningum um uppfærslur og breytingar á flokkunarkerfum.

Umfang flokkunarkerfa er mikið og allar ábendingar um hvað eina sem má betur fara í útgefnum kerfum eru vel þegnar, bæði hvað varðar hugsanlegar villur og ekki síður tillögur um þýðingar.

Lilja Sigrún Jónsdóttir